

Borgarráð

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um fjölda lóða sem hafa verið úthlutaðar á kjörtímabilinu fyrir leigu- og búseturéttaríbúðir.***

Á fundi borgarráðs þann 8. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

*„Óskað er eftir upplýsingum um það hvað Reykjavíkurborg hefur úthlutað mörgum lóðum frá upphafi þessa kjörtímabils fyrir leigu- og búseturéttaríbúðir, hvaða lóðir það séu, fjöldi íbúða á hverri lóð, til hverra var úthlutað, dagsetning lóðaúthlutana, hvort byggingarleyfi hafi verið gefin út og ef svo er á hvaða byggingarstigi húsin eru á hverri lóð fyrir sig.“*

Svar:

Í samræmi við húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar er lögð rík áhersla á samvinnu við byggingafélög sem starfa án hagnaðarsjónarmiða. Tekist hefur samstarf við fjölmarga aðila undanfarin ár. Það markmið var sett fram árið 2014 að fyrir mitt ár 2019 myndu 2.500-3.000 leigu- og búseturéttaríbúðir vera komnar í uppbyggingu. Samkvæmt upplýsingum frá samstarfsaðilum borgarinnar mun það markmið nást og verða 3.035 íbúðir farnar í uppbyggingu um mitt næsta ár, sbr. meðfylgjandi töflu. Til verkefna á vegum verkalýðshreyfingarinnar eru talin verkefni Bjargs. Til stúdenta eru talin verkefni Félagsstofnunar stúdenta, Háskólans í Reykjavík og Byggingarfélags námsmanna. Uppbyggingarverkefni Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins og uppbygging í tengslum við Kvennaathvarfið eru hér talin með sérstökum búsetuúrræðum. Þær íbúðir sem Bjarg og aðrir samstarfsaðilar byggja og renna til Félagsbústaða eru taldar með íbúðum Félagsbústaða. Félagslegar íbúðir sem skrifstofa eigna og atvinnnuþróunar keypti árið 2017 sem hluta af sérstök átaki eru einnig taldar með íbúðum Félagsbústaða. Til viðbótar neðangreindum tölum geta bæst við uppbyggingarverkefni í Bryggjuhverfi, Skerjafirði á ríkislóðum og Úlfarsárdal sem veitt hafa verið lóðavilyrði fyrir, alls um 500 íbúðir, og líklegt er að fari í uppbyggingu á næstu ári en líkur eru á að amk. einhver þeirra lendi á síðari hluta ársins og eru þær því ekki taldar með vegna óvissu.

Þess má geta að staðfest áform félaga sem byggja án hagnaðarsjónarmiða í heild telja 4.238 íbúðir eða um 8% af heildarfjölda íbúða í Reykjavík eins og hann var í lok árs 2017. Ekki eru tilgreindar leiguíbúðir á vegum félaga sem eru rekin í hagnaðarskyni í þessu yfirliti.

	<b>Innan fimm ára</b>	<b>Staðfest áform</b>
<b>Verkalýðshreyfingin</b>	489	1000
<b>Stúdentar</b>	817	1340
<b>Búseti</b>	408	470
<b>Eldri borgarar</b>	436	486

Hjúkrunarrými	104	135
Sérstök búsetuúrræði	121	147
Félagsbústaðir	660	660

Í fyrirspurninni var spurt sérstaklega að því hver af ofangreindum verkefnum byggðu á lóðaúthlutunum borgarinnar og hvert væri byggingarstig á hverri lóð fyrir sig.

Meðfylgjandi tafla sýnir umbeðnar upplýsingar, miðað við mars 2018:

Leiguíbúðir Úthlutunarhafi	Staðsetning	Íbúða- fjöldi	dags. úthlutunar	útgefið byggingaleyfi	bygginga- stig
Bjarg hses	Móavegur 2	155	20.7.2017	Takmarkað byggingaleyfi	1
Bjarg hses	Urðarbrunnur 130-134 og 33-35	91	20.7.2017		
Bjarg hses	Hallgerðargata G og H	79	20.7.2017		
Bjarg hses	Úlfarsárdalur A reitur	72	8.3.2018		
Bjarg hses	Kleppsmýrarvegur	75	20.3.2018		
Háskólinn í Reykjavík	Nauthólsvegur 83	370	12.10.2017		
Félagsstofnun Stúdenta	Sæmundargata 21	244	8.3.2018	Takmarkað byggingaleyfi	1
Byggingafélag námsmanna	Stakkahlíð A og B reitur	100	12.10.2017		
Samök aldraðra	Stakkahlíð C-reitur	60	12.10.2017		
Félag eldri borgara	Árskógar 1-3	52	15.3.2016	Byggingaleyfi	1
Brynja hússjóður ÖBÍ	Hallgerðargata I	37	28.4.2017		
Félagsbústaðir	Porlaksgeisli 2-4	5	24.7.2014	Byggingaleyfi	7
Félagsbústaðir	Árland 10	8	5.10.2017		
Félagsbústaðir	Rökkvatjörn 3	6	1.3.2018		
<b>Samtals leiguíbúðir</b>		<b>1354</b>			
Búseturéttaríbúðir Úthlutunarhafi	Staðsetning	Íbúða- fjöldi	dags. úthlutunar	útgefið byggingaleyfi	bygginga- stig
Búseti	Skógarvegur 16	22	1.9.2016	Byggingaleyfi	1
Búseti	Keilugrandi 1	78	16.3.2017	Takmarkað byggingaleyfi	1
Búseti	Úlfarárdalur C1	36	12.10.2017		
Búseti	Árskógar 5-7	72	8.3.2018		
<b>Samtals búseturéttaríbúðir</b>		<b>208</b>			
<b>Samtals leigu- og búseturéttaríbúðir</b>		<b>1562</b>			

Dagur B. Eggertsson